

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir Ís 47 ehf., kt. 650603-3030, til að framleiða allt að 1.200 tonnum af regnbogasilungi og þorski í Öfundarfirði, í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2030.

Umhverfisstofnun, 13. mars 2015.

Kristín Linda Árnadóttir forstjóri.

Sigrún Ágústsdóttir sviðsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. mars 2015